

26. sveitarstjórnarfundur Fljótsdalshrepps, Végarði, 05.04 2016, kl. 13.30

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Eiríkur J. Kjerúlf. Þorvarður Ingimarsson boðaði forföll og í hans stað er mætt Anna Bryndís Tryggvadóttir 3. varamaður. Einnig mætt og sitja fundinn undir 1.dagskrárlið, Sigurður Álfgeir Sigurðsson endurskoðandi Deloitte og Unnur Inga Dagsdóttir bókhaldari hjá Ráðgjöf og lausnir.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá.

1. **Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2015, fyrri umræða.** *Endurskoðandi og bókhaldari mæta*
2. **Skýrsla oddvita**
3. **Hengifoss, framkvæmdir 2016**
4. **Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri I**
5. **Þjóðlendur, sveitarfélagamörk**
6. **Fjallaskarð, fulltrúar Ferðaklúbbsins 4x4 Austurlandsdeild, mæta á fundinn.**
7. **Ormsteiti Héraðshátíð, félagið Forskot**
8. **Svæðaskipulag Austurlands**

Fundargerð starfshóps 22.03 , ásamt erindisbréfi nefndarinnar.

9. Bréf

- a) Seyðisfjarðarkaupstaður dags. 17.03
- b) EBÍ Brunabót dags 22.02

10. Umhverfisstyrkir

Lárus og Sigríður Droplaugarstöðum

11. Fjárbeiðnir

- a) Framfarafélag Fljótsdalshéraðs
- b) Félag skógareigenda á Austurlandi

12. Fundargerðir

- a) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 22.03
- b) Starfshópur um þróun almenningssamgangna á Austurlandi 21.03
- c) Aðalfundargerð Ársala 29.03
- d) Félagsmálanefnd 16.03
- e) Landbótasjóður Fljótsdalshrepps 18.03 2015 og 26.02 2016 , ásamt ársreikningi 2015

- f) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 04.02
- g) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 24.02 , *mf. til kynningar skýrslan „ Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga“ Þjónustusvæði Austurlands*

13. Önnur mál

1. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2015, fyrri umræða

Endurskoðandi og oddviti fóru yfir drög að ársreikningi fyrir 2015. Eftir umræður um ársreikninginn og önnur fjármálatengd málefni, samþykkti sveitarstjórn að vísa ársreikningnum til síðari umræðu.

Sigurður Álfgeir Sigurðsson og Unnur Inga Dagsdóttir yfirlögðu fundinn klukkan 15:15

2. Skýrsla oddvita

Jafnréttisstofa hefur tilkynnt að Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps, sé samþykkt af hálfu stofnunarinnar.

Vegagerðin vinnur að útfærslu á nýjum vegskiltum sem sýna leiðir, stofnanir og bæi í byggð í Fljótsdal.

Umhverfissjóður Íslenskra fjallaleiðsögumanna auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

Gengið hefur verið frá samkomulagi/uppgjöri við núverandi leigutaka Valþjófsstaðar 1 , vegna afnota sveitarfélagsins.

Félags-og húsnæðismálaráðherra hefur ákveðið að verja 130 millj. kr. úr Atvinnuleysistryggingarsjóði til að standa straum af átaksverkefni til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn, m.a. í samstarfi við sveitarfélög.

Oddviti var í Reykjavík 8.og 9. mars sl. og sat þá fundi með lögmanni Fljótsdalshrepps um málefni þjóðlenda og jarða í Fljótsdal.

Oddviti ásamt öðrum forráðamönnum sveitarfélaga á Austurlandi sátu fund með lögregluþyrifvöldum á Austurlandi 29. apríl sl. Sama dag var fundað með fulltrúum úr stjórn SSA , um málefni Austurbrúar.

Oddviti sat opinn fund um endurskoðun sóknaráætlunar í Valaskjálfi 14. mars sl.

Oddviti situr landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík föstudaginn 8.apríl nk. Skrifstofa í Végarði verður því lokað fimmtudag og föstudag í þessari viku.

Vatnslaust hefur verið í snyrtihúsi við Hengifossá síðan fyrir páska. Ekki er fullljóst hvað veldur því , en unnið að því að koma vatni á aftur. Straumur ferðamanna sem ganga upp að fossinum er nú verulegur og fyrir á ferðinni en oft áður . Því er nauðsynlegt að hafa snyrtihúsið opið og hafa aðstöðu fyrir sorp .Verktakar sem tóku að sér framkvæmdir við að stækka bílaplanið sl. haust hefja vinnu í vikunni

3. Hengifoss, framkvæmdir 2016

Samkvæmt fréttum um úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamanna fær Fljótsdalshreppur ekki úthlutuðum styrk á þessu ári. Sótt var um 10 millj, kr. styrk til lagfæringa á göngustíg, ljúka framkvæmdum við stækkun á bílplani og frumhönnun á þjónustuhúsi. Taka þarf ákvörðun hvað af fyrirhuguðum framkvæmdum á árinu verða slegnar af, eða seinkað vegna neitunar styrkumsóknar.

Vegna slyshættu og afar slæms ástands göngustígs að fossinum og neitunar á áðurnefndum styrk til endurbóta á honum, telur sveitarstjórn að hugsanlega þurfi að loka stígnum.

4. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri I

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi, Víðivöllur ytri 1, deiliskipulag frístundabyggðar. Tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð dags. 03.03 2016, fornleifaskýrsla frá árinu 2010 fylgir greinargerð. Skipulagið hefur áður verið auglýst, en þar sem of langur tími leið frá athugasemdafresti til staðfestingar á árinu 2011, þarf að auglýsa tillöguna að nýju. Tillagan hefur verið aðlöguð texta í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps sem tók gildi í 03.12 2014 og einnig sameinaðar þrjár lóðir í eina. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 41.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

5. Þjóðlendur, sveitarfélagamörk

Vegna fyrirhugaðrar stofnunar þjóðlenduspilda á landsvæði sem kallað er Vesturöræfi ásamt syðri hluta afréttarlandanna Rana og Undir Fellum, óskar Forsætisráðuneytið eftir staðfestingu frá Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði, um að ekki sé ágreiningur um sveitarfélagamörk á svæðinu. Sveitarstjórn telur að ekki sé um ágreining að ræða um mörkin, en óskar eftir að sú lína sem ráðuneytið leggur fram verði samræmd þeim sveitarfélagamörkum sem fram koma í staðfestu aðalskipulagi Fljótsdalshrepps.

6. Fjallaskarð, fulltrúar Ferðaklúbbsins 4x4 Austurlandsdeild, mæta á fundinn

Mættir frá 4x4,kl. 17.00 Einar Birgir Kristjánsson, Jónas Jónasson og Ingvar Ríkharðsson. Til umræðu voru viðhald og framkvæmdir í Fjallaskarði og uppgjör vegna framkvæmda árin 2014 og 2015.

4x4 fulltrúar yfirlit fundinn 18:10

Farið yfir framlögð gögn um kostnað við framkvæmdir. Í samræmi við samning milli aðila borgar Fljótsdalshreppur efniskostnað við samþykktar framkvæmdir, að auki er samþykkt að borga 400.000 kr. vegna vélavinnu við endurbætur á vatnslögn. Tekjur vegna leigu annara aðila skiptist til helminga milli Fljótsdalshrepps og Ferðaklúbbsins.

7. Ormsteiti Héraðshátíð, félagið Forskot

Umræður um drög að samþykktum fyrir félagið Forskot, sem eru samtök um Ormsteiti héraðshátíð. Gert er rá fyrir að aðilar að félaginu séu sveitarfélagið Fljótsdalshérað og Þjónustusamfélagið á Héraði. Í drögunum er lagt til að Fljótsdalshreppur verði aðili að hátíðinni með starfrækslu Fljótsdalsdags og greiði árlega gjald til sameiginlegs auglýsingarkostnaðar og samstarf verði um skipulagningu hátíðarinnar. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að aðkoma Fljótsdalshrepps og Fljótsdalsdagur verði bundin í samþykktum þessa félags.

8. Svæðaskipulag Austurlands

Fundargerð starfshóps 22.03 , ásamt erindisbréfi nefndarinnar.

Kynnt, vilji er hjá sveitarstjórn að taka þátt í næstu skrefum við mótun verkefnisins.

9. Bréf

- a) Seyðisfjarðarkaupstaður dags. 17.03. Kynnt, bókun bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna Fjarðarheiðarganga.
- b) EBÍ Brunabót dags 22.02. Kynnt, auglýst eftir umsóknum úr styrkjarsjóði EBÍ. Umsóknarfrestur er til aprílloka. Samþykkt að sækja um styrk til endurbóta á göngustíg upp að Hengifossi.

10. Umhverfisstyrkir

Lárus vék af fundi.

Lárus og Sigríður Droplaugarstöðum, sækja um umhverfisstyrk.

Samþykktur hámarksstyrkur.

Lárus kom aftur til fundar.

11. Fjárbeiðnir

- a) Framfarafélag Fljótsdalshéraðs.
Sótt um styrk vegna matjurtaverkefnis. Samþykkt að styrkja verkefnið um 100.000 kr.
- b) Félag skógareigenda á Austurlandi.
Sótt um styrk vegna Skógardagsins mikla 2016. Samþykkt að styrkja verkefnið um 75.000 kr.

12. Fundargerðir

- a) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 22.03.
Kynnt.
- b) Starfshópur um þróun almenningssamgangna á Austurlandi 21.03.
Kynnt.
- c) Aðalfundargerð Ársala 29.03.
Kynnt.
- d) Félagsmálanefnd 16.03.
Kynnt.
- e) Landbótasjóður Fljótsdalshrepps 18.03 2015 og 26.02 2016 , ásamt ársreikningi 2015.

Kynnt.

- f) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 04.02.

Kynnt.

- g) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 24.02 , *mf. til kynningar skýrslan „ Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga“ Þjónustusvæði Austurlands*

Kynnt.

13. Önnur mál

- a) Samþykkt að sækja um í Styrkvegaskjöld, vegna lagfæringa á vegi frá Eyrarselsá að Kleif og smá viðgerðar á Eyjakofaslóð.
- b) Oddviti óskar eftir heimild að taka ónýtt sumarleyfisfisdaga frá síðasta ári núna í maí. Samþykkt.
- c) Anna Bryndís minntist á að ryðja þurfi aur af reiðleið við Hantó , þar sem skriða fór yfir í vetur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.50.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Anna Bryndís Tryggvadóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)